

Hita-, rafmagns-, vatns- og boðveita

Hitaveita




Stofnkerfi hitaveitu í Reykjavík og nágrenni



Stofnkerfi rafveitu í Reykjavík og nágrenni

Orkuveita Reykjavíkur sér Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Mosfellsbæ fyrir heitu vatni en Mosfellsbær annast eigin dreifingu. Núverandi virkjunarsvæði hitaveitunnar eru að náglast full afköst. Á næstu árum er því fyrirhugað að byggja nýja virkjun á Hellisheiði. Sú virkjun mun í fyrstu einungis framleiða rafmagn en einnig heitt vatn síðar. Gert er ráð fyrir að aðveituæð verði lögð frá virkjuninni að geymum á Reynisvatnsheiði. Þá eru hafnar boranir á Geldinganesi og er gert ráð fyrir aukinni virkjun lághita.

Fyrirhugað er að auka miðlunarymi heita vatnsins um 30.000 m³ og verður byggður nýr miðlunargeymir á Reynisvatnsheiði við hlið núverandi geyma. Helsta fyrirhugað framkvæmd í flutningakerfi hitaveitunnar er færsla Reykjaæða milli Suðurlandsvegur og Höfðabakka (færsla út af lóðum við Krókháls og Dragháls í gangstétt). Helsta fyrirhugað framkvæmd við dreifingu á heitu vatni er færsla og stækkun stofnæðar í vesturborg Reykjavíkur, í tengslum við áformaða færslu Hringbrautar. Að öðru leyti verða engar stórar stofnæðar lagðar aðrar en þær sem fylgja skipulagi á nýjum hverfum samfara gatnagerð. Áfram verður haldið að endurnýja götuæðar og heimæðar í eldri hverfum borgarinnar og þá einkum í austurhluta hennar.



Rafmagnsveita

Orkuveita Reykjavíkur sér Reykjavík, Kópavogi, stærstum hluta Garðabæjar, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ fyrir raforku og dreifir henni um öll sveitarfélögin. Orkuspárnefnd gerir ráð fyrir að raforkusala á núverandi veitusvæði Orkuveitunnar muni tvöfaldast frá aldamótum til ársins 2024 (verði 1.634 GWh) og að aflþörf muni einnig tvöfaldast (verði 320 MW). Gert er ráð fyrir að heildarsala til heimila aukist um 50% og heildarsala til þjónustu- og iðnfyrirtækja (ekki stóriðju) aukist um 140%. Uppbygging aðveitu- og dreifikerfis fyrir raforku tekur sérstaklega mið af þróun byggðar og landnýtingu á einstökum svæðum. Ákvarðanir borgaryfirvalda (og annarra sveitarfélaga á veitusvæðinu) um staðarval nýrrar íbúðabyggðar, iðnaðar- og þjónustusvæða og hugsanlegra orkukrefjandi fyrirtækja hafa þannig veruleg áhrif.

Meðal helstu framkvæmda má nefna: Aðveitustöð við Vesturlandsveg (A8) verður endurbætt og 132 kV rofabúnaði komið fyrir innandyrna í nýri byggingu. Utanhúss




Stofnkerfi vatnsveitu í Reykjavík og nágrenni

tengivirki Orkuveitunnar og Landsvirkjunar verður þá fjarlæggt. Aðveitustöð við Borgartún (A3) verður einnig endurbýggð fyrir 132 kV gaseinangraðan rofabúnað í stað núverandi búnaðar. Nýr 132 kV aðveitustrengur verður lagður milli stöðvanna, a.m.k. 8 km leið, til að auka flutningsgetu. Í lok skipulagstímabilsins verða nokkrir 132 kV jarðstrengir komnir að eðlilegum endingartíma og munu þarfnast endurnýjunar.

Bygging nýrrar aðveitustöðvar við Vatnagarða í Reykjavík (A12) er hugsanleg vegna aukins álags við Sundahöfn. Líkleg er bygging sams konar aðveitustöðvar milli Rauðavatns og Geitháls (A13) vegna uppbyggingar m.a. á Norðlingaholti og við Rauðavatn svo og til að létta á aðveitustöðinni við Elliðaár (A5). Ákvarðanir um nýtingu lands við Gufunes og á Geldinganesi gætu einnig leitt til byggingar aðveitustöðvar (A15). Verulega aukin íbúðabygging og atvinnustarfsemi í vesturborg Reykjavíkur, t.d. í Örfirisey, á uppfyllingu við sjávarsíðuna eða á núverandi flugvallarsvæði, mun væntanlega leiða til byggingar nýrrar aðveitustöðvar (A14) á síðari hluta skipulagstímabilsins en staðarval liggur ekki fyrir. Þessar stöðvar yrðu allar með 132 og 11 kV rofabúnaði og munu tengjast núverandi 11 kV búnaði. Núverandi aðveitustöð við Esjumela á Kjalarnesi (A10) kann að verða stækkuð með sama hætti í samræmi við þróun byggðar og atvinnustarfsemi á Álfsnesi. Hækkun aðveituspennu í 132 kV er því líkleg á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ á síðasta hluta skipulagstímabilsins.

Vatnsveita



Útbreiðsla breiðbands í Reykjavík 2001

Orkuveita Reykjavíkur sér Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi fyrir köldu vatni, en annast dreifingu vatnsins eingöngu í Reykjavík. Endurskoðun á vatnsverndarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu lauk með gerð yfirlitskorts í desember 1997. Á næstu árum verða efltd verndar- og öryggismál vatnstökusvæðanna í Heiðmörk og uppbygging á vatnsöflunarsvæðinu í suðaustur Heiðmörk mun halda áfram. Byggður verður 11.000 m³ vatnsgeymir á Reynisvatnsheiði á næstu árum og er gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum eftir þörfum síðar.


Aðfærsla kalds vatns fylgir að sjálfsögðu almennt eftir þróun í uppbyggingu íbúða- og atvinnusvæða á þjónustusvæði Orkuveitunnar. Lokið verður á næstu árum við lagningu stofnæðar frá Höfðabakkabrú, um Gullinbrú, Strandveg og Víkurveg að Grafarholti. Aðfærsla að norðaustursvæðum Reykjavíkur er um þessa æð og verður hún síðar framlengd í Geldinganes og Álfsnes. Byggðar verða dælustöðvar til að þjóna efri hluta Grafarholts, auk Hamrahlíðar- og Úlfarsfellssvæða. Kjalarnes hefur þegar verið tengt við aðveitukerfið með sjávarlögnum.

Núverandi 10.000 m³ kaldavatnsgeymir við Bústaðaveg (Litlahlíð) verður endurbýggður. Endurskoðun og endurnýjun stofnæðar í vesturborg Reykjavíkur frá Bústaðavegi að Ánanaustum verður viðamikil verkefni sem m.a. verður unnið í tengslum við færslu Hringbrautar. Önnur endurnýjunarverkefni í stofnæðum verða m.a. ný stofnæð fyrir Breiðholt, með fram Vatnsveituvegi frá dælustöðinni við Hraunbrún að Breiðholtsbraut, ný stofnæð frá dælustöðinni við Hraunbrún að Árbæjarstíflu, ný stofnæð frá dælustöðinni við Hraunbrún að Árbæjarstíflu og ný stofnæð með fram Sæbraut frá Laugarnesvegi og austur fyrir Sundagarða. Lega og landtaka Viðeyjarlagnar verður einnig færð frá Korngörðum að Klettagörðum.

Mikil þörf er fyrir sjáanleg við endurnýjun heimæða og götulagna. Gert er ráð fyrir að endurnýjaðar verði yfir 5.000 heimæðar og um 50 km af götuæðum á skipulagstímabilinu.

Boðveita

Í deiliskipulagi skal huga að staðsetningu fjarskiptamannvirkja. Leitast skal við að fjarskiptafyrirtæki samnýti mannvirkin.



Fjarskiptasendar og móttakarar innan byggðar í Reykjavík 2001